

fyrir þá verkfæra menn, sem eru í hans þjónustu, án þess 1862.
 28. febrúar.

neinu sé bætt við um, að hann eigi aptur að fá það endurgoldið af hjúinu, þá er þetta öldungis samkvæmt aðalreglunni, sem áður er getið. Samkvæmt þessu er og ákveðið í 21. grein, að húsbóndinn skuli greiða þá borgun, sem um er rætt í greininni, og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern verkskyldan mann af börnum hans eður vinnufólki, er undan bregzt, og um endurgjaldið er svo fyrir mælt, að hann eigi heimting á því, ef verkmanni verður gefin sök á burtuverunni, og þess vegna ekki þegar öðruvísi er ástätt.

Um 9. og 10. tölulið. Þó sýslumanni í 28. grein sé gjört að skyldu að hafa eptirlit með hinum almennu aukavegum, þá er ekki þar fyrir nauðsynlegt, að honum séu sendar uppástungur þær eður reikningur, sem þær, herra amtmaður, hafið haldið hann ætti að fá, og tilskipunin hefir að öðru leyti enga þá ákvörðun, er leiða megi út af slíka skyldu fyrir hreppstjóra; smbr. einnig ástæður alþingis fyrir 17. grein og fyrir 21. grein, er samsvarar 20. grein í tilskipuninni. En á hinn bóginn er það vitaskuld, að hver og einn, sem hlut á að máli, á kost á að bera sig upp fyrir sýslumanni yfir ráðstöfunum hreppstjóra, þeim sem hér er um rætt, og þar á meðal einnig yfir niðurfjöfnun þeirri, er hann hefir gjört.

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 28. febrúar. norður- og austurundæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Að tilhlutun stjórnarráðsins hafið þær, herra amtmaður, í bræfi 16. septemberm. f. á. sagt álit yðar um skjal, er sveitarstjórnin í Skinnastaða hreppi í Þingeyjar sýslu hefir hingað sent, en í því skjali er borin fram umkvörtun yfir úrskurði yðar 4. ágústm. 1860, er ákveður að Kristín Guðmundsdóttir og þau af börnum hennar, sem eru fædd áður en hún gekk að eiga Finn Gunnarsson, séu hreplæg í Skinnastaða hreppi.

1862. Af skýrslum heim, sem fram eru komnar í máli þessu, má 28. febrúar. ráða, að Kristín þessi Guðmundsdóttir hafi, áður en hún giptist, verið hrepplæg í Skinnastaða hreppi, sem er fæðingarhreppur hennar; að maður hennar, Finnur Gunnarsson, sé hrepplægur í Saudanes hreppi, og að auk þess, að á hjónabandi þeirra eru ýmsir aðrir formgallar, þá er það og stofnað móti því, sem fyrir er skipað í tilskipun 30. aprílm. 1824 3. gr. 10. tölul., þar sem börnum heim, er þau höfðu átt saman í lausaleik áður en þau giptust, hafði verið lagt til uppeldis af sveit, og fæ þetta eigi verið endurgoldið, nè heldur leitað samþykkis til hjónabandsins, eður slíkt samþykki fengið, frá framfærslusveit mannsins.

Þar sem þér nú, herra amtmaður, eptir þessum málavöxtum hafið úrskurðað í bréfi yðar 4. ágústm. 1860, sem fyr er getið, að hjónabandið, sem stofnað hefir verið á þenna hátt, ekki geti breytt rétti þeim, sem konan og börn þau, er hún átti áður en hún giptist, áttu áður til framfærslu í Skinnastaða hrepp, en þar á móti eigi börn þau, er síðar fæddust, framfærslusveit með föður sínum í Saudanes hrepp, þá er úrskurður þessi reyndar í samhljóðan við bréf innanríkisstjórnarinnar 27. maím. 1851, og þau úrslit, er áþekk mál hafa stundum áður fengið með úrskurðum innanríkisstjórnarinnar og hins fyrrveranda konunglega danska kansellís; en síðar hefir innanríkisstjórnin komið að annari niðurstöðu, þar sem hefir verið að gjöra um, hverjar afleiðingar ættu að verða af því, að brugðið hefði verið út af því, sem boðið er í tilsk. 30. aprílm. 1824 3. grein 10. tölulið, smbr. umburðarbréf innanríkisstjórnarinnar 13. októberm. 1851, 7. nóvemberm. s. á. og 5. maím. 1852, sem öll eru prentuð í hinu almenna stjórnarbréfa safni; svo er það og álit dómsmálastjórnarinnar, að ekki sé í löggjöfinni nægileg heimild til, þar sem hjónaband þannig hefir verið stofnað móti lögum, að skylda þá sveit, er að undanfögnu hefir átt að veita konunni framfærslu, til að greiða nokkurt tillag til framfærsluhrepps mannsins, sem við hjónabandið einnig er orðinn framfærslusveit hennar og barna hennar; og þar sem þessi síðast nefnda sveit ber sig upp í þessu efni, þá er ekki annað fyrir en vísa henni

til að leita skaðabóta hjá þeim, er gefin verður sök á að hjónabandið var stofnsett móti lögum.

1862.
28. febrúar.

Samkvæmt þessu eruð þér beðnir að kunnngjöra hlutað-eigendum það, er með þarf.

**16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna 28. febrúar.
á Íslandi, um bækur, er út koma frá prentsmiðj-
unni í Reykjavík.**

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 16. apríl. 1860 útaf bréfi Havsteins, amtmanns yfir norður- og austur-umdæminu á Íslandi, þar sem hann fer fram á, að því verði skotið til dóms og laga, hvort Hóla stipti hið forna, eður norður-urumdæmið, eigi ekki heimting á fjórðungi af eiginlegum tekjum prentsmiðjunnar íslenzku, ritaði stjórnarráðið enn á ný embættis-manni þessum um málið, og hefir hann lýst því yfir, að hann fyrir sitt leyti sé eigi ófús á að láta það niður falla, en þó með þeim skilmálum, að stjórn prentsmiðjunnar skuldbindi sig til:

- a) að fá sér einn umboðsmann í hverri sýslu, ekki að eins í Hóla stipti hinu forna, heldur og í Múla sýslum, eður í gjörvöllu norður- og austurumdæminu, og senda honum að minnsta kosti hinar nauðsynlegustu af bókum þeim, er prentsmiðjan sjálf gefur út, á þann hátt, að almenningur geti fengið bækur þessar fyrir sama verð og á þeim er í Reykjavík.
- b) að láta amtsbókasafnið á Akureyri fá eitt exemplar af öllum þeim bókum, sem prentaðar eru í prentsmiðjunni í Reykjavík.

Um leið og yður nú er sent eptirrit af bréfi þessu, skal yður kunngjört, að ef stiptsyfirvöldunum lízt á það, er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu dómsmálastjórnarinnar, að málinu verði skipað á þann hátt, sem Havstein amtmaður hefir stungið upp á.